

Nd.

604. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Í stað 6. gr. koma 5 eftirtaldar greinar, og breytist greinatala frv. samkv. því:
 - a. (6. gr.) Börn skulu ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau eru til þess fær, að svo miklu leyti sem lífeyrir samkv. lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrökkva ekki til. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.
 - b. (7. gr.) Framfærslumaður á rétt á að taka á heimili sitt þau skyldmenni sín, sem honum er lögskytt að framfæra, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum og heimili framfærslumannsins ekki aðfinnsluverður dvalarstaður framfærsluþurfans.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

- c. (8. gr.) Nú fullnægir framfærslumaður ekki framfærsluskyldu sinni eða veitir ekki framfærsluþurfa sínum góða aðbúð, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni. Endurgjaldið ákveður yfirvald með úrskurði, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns, og má skjóta slíkum úrskurði til ráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna á milli, barna yngri en 16 ára né um framfærslu samkvæmt 11. gr.

- d. (9. gr.) Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforeldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.
 - e. (10. gr.) Nú er meðlagsúrskurður samkvæmt framansögðu löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu.

Þó á fráskilin kona eigi kröfu á að fá greitt frá Tryggingastofnun ríkisins hærrí upphæð en sem svarar barnalífeyri fyrir það eða þau börn hennar, er hún hefur á framfæri.

2. Við 72. gr. Greinina skal orða svo:

Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi, og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi samkvæmt þeim lögum með því að greiða vangöldin iðgjöld hans, en þó ekki hærrí upphæð en svarar til 5 ára iðgjalds.

3. Við ákvæði til bráðabirgða.

a. Í stað „örorkulífeyris“ í upphafi 2. töluliðar kemur: örorkustyrks.

b. Aftan við sama tölul. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði þetta gildir þó aðeins til ársloka 1948.